



Fundur háskólaráðs 20. desember 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 17.12.2001 08:52:25

Dags: 20.12.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

21/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 20. desember var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13.30.

1. Erindi til háskólaráðs

1.1 Kjör í stjórn Rannsóknþjónustu Háskólans.

Tilnefndir eru frá Samtökum atvinnulífsins:

Hermann Kristjánsson, framkvæmdastjóri VAKI – DNG

Guðrún Hálfðánardóttir, fréttastjóri Viðskiptablaðs Mbl.

Davíð Stefánsson, framkvæmdastjóri Vefs samskiptalausna ehf.

Tilnefningar rektors:

Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs

Ingjaldur Hannibalsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs

Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor í lyfjafræði.

- Samþykkt einróma.

1.2 Lagðar fram reglur verkfræðideildar Háskóla Íslands um doktorsnám og reglur hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands um meistaranám.

- Samþykkt einróma.

1.3 Lagðar fram reglur heimspekideildar Háskóla Íslands og raunvísindadeildar Háskóla Íslands um veitingu starfa.

- Samþykkt einróma.

1.4 Lagðar fram reglur um ráðningar og ráðningarréttindi aðjunktá í Félagi háskólakennara. Reglurnar voru áður á dagskrá fundar háskólaráðs 6. desember sl. og á fundi rektors með deildarforsetum 10. og 17. desember sl. Inn á fundinn kom Gísli Már Gíslason, formaður samráðsnefndar Háskólans um kjaramál, og gerði grein fyrir fyrirbyggjandi reglum og sjónarmiðunum sem liggja þeim til grundvallar. Málið var rætt og svaraði Gísli Már framkomnum spurningum og athugasemdum. Rektor var falið að ganga frá reglunum í samráði við samráðsnefndina.

- Samþykkt einróma.

2. Mál á auglýstri dagskrá

2.1 Samningur við menntamálaráðuneyti um fjármögnun kennslu og rannsókna.

Rektor greindi frá stöðu málsins. Samningur um fjármögnun rannsókna er tilbúinn til undirritunar en viðauki við samning um fjármögnun kennslu er til frekari skoðunar. Samþykkt var með 8 atkvæðum gegn 1 að heimila rektor að undirrita rannsóknasamninginn f.h. Háskólans.

2.2 Framhald umfjöllunar um skiptingu fjárveitinga fyrir árið 2002. Áður á dagskrá 6. desember sl.

Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um uppgjör fyrir árið 2001 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2002. Málið var rætt ítarlega og verður aftur á dagskrá á næsta fundi ráðsins. Einkum ræddu fundarmenn um aðferðir við að skipta fjárveitingum til rannsókna.

3. Önnur mál

- 3.1 Rektor greindi frá samkomulagi um útfærslu kvaða í lóðarsamningi milli Háskóla Íslands, Íslenskrar erfðagreiningar ehf. og Reykjavíkurborgar.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 17.10